



Velferðarnefnd Alþingis Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent á netfangið: nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 17. október 2018

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarstofu innflytjenda. Þingskjal 19 - 19. mál. 149. löggjafarþing 2018-2019.

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi hefur fengið til sín umsögn ofangreindrar tillögu til þingsályktunar um stofnun ráðgjafarþjónustu innflytjenda. Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að koma á fót miðlægrri upplýsingastofu þar sem innflytjendur geta sótt allar þær upplýsingar um þjónustu, réttindi og skyldur sem auðvelda þeim að koma sér fyrir í nýju samfélagi.

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi fagna tillögunni þar sem við teljum það afar brýnt að yfirvöld taki ábyrgð á að efla upplýsingamiðlun og ráðgjöf til innflytjenda óháð búsetu. Nú þegar er starfandi Fjölmenningssetur á Ísafirði sem fer með lagaskyld hlutverk að greiða fyrir samskipti fólks af ólíkum uppruna og efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi. Staðreyndin er samt sú að flest fólk af erlendum uppruna býr á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið, þá voru 25.207 af 30.275 íbúum með erlend ríkisföng á Íslandi árið 2017 skráð með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu (Hagstofa Íslands).

Við hjá Samtökum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi förum með það hlutverk að veita konum af erlendum uppruna um land allt jafningjaráðgjöf. Konur leita til okkar vegna upplýsinga um þjónustu þvert á ríkisstofnun eða sveitarfélög. Þær leita til okkar vegna upplýsinga varðandi réttindi, skyldur, þjónustu, menntun, atvinnumál, skilnaði, barnaverndarmál og menningarleg tengd efni. Oft á tíðum erum við einfaldlega að leiðrétta rangar upplýsingar sem veittar eru innflytjendum, jafnvel af hendi opinberrar stofnunar. Við teljum það afar mikilvægt að helstu sérfræðingar og samtök vinni saman undir einu þaki við að veita ráðgjöf og upplýsingar. Við lítum einnig á þingsályktun sem mikilvæg fyrstu skref til að mæta þeirri þörf sem við lýstum fyrir landsmönnum með frásögnum kvenna af erlendum uppruna í tengslum við #MEtoo byltinguna.

Lykilatriðið í tillögunni er samstarf og við fögnum því. Ef vilji er fyrir hendi til að ná árangri í að efla stöðu og virka þátttöku meðal fólks af erlendum uppruna sem velja að setjast hér að, er samstarf milli ríkisins og allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær og Seltjarnarnes) nauðsynleg. Þjónustur, réttindi og skyldur sem sinnt er á vegum ríkisins og í hverju sveitar- eða bæjarfélagi fyrir sig eru ólíkar og þar með er íslenskt samfélag frekar flókið fyrir innflytjendur til að skilja og feta sig áfram í.

Enn og aftur viljum við taka það fram að við fögnum tillögunni og hvetjum þingmenn eindregið til að samþykkja hana. Við viljum þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum sem við teljum einnig nauðsynlegt að huga vel að í samráðsferlinu sem félags- og jafnréttismálaráðherra er falið að sinna:



- Hvergi í greinargerðinni né tillögunni sjálfri er nefnd aðkoma eða ábyrgð Útlendingastofnunar (ÚTL) í tengslum við ráðgjafarstofu innflytjenda. Meirihluti spurninga sem koma inn á okkar borð tilheyra ÚTL sem ber ábyrgð á veitingu ríkisborgararéttis sem og dvalar- og atvinnuleyfis. Við teljum það nauðsynlegt að skilgreina aðkomu Útlendingastofnunar hvað varðar ráðgjöf og upplýsingargjöf.
- Hvergi í greinargerðinni né tillögunni sjálfri er skilgreint samráð eða hlutverk heilbrigðisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis eða dómsmálaráðuneytis. Öll þessi ráðuneyti fara með hlut af ábyrgð í tengslum við málefni innflytjenda og samlögun þeirra hérlandis. Sérstaklega dómsmálaráðuneytið sem fer með ábyrgð um lög um innflytjendur og ríkisborgararétt. Mikilvægt er að skilgreina aðkomu og hlutverk hinna ráðuneytanna í samráðsferlinu og uppbyggingu ráðgjafarstofnunar innflytjenda.
- Í greinargerðinni er notað orðalag á ensku „*first-stop-shop*.“ Við viljum taka það fram hér að samlögun innflytjenda er langt ferli, þar sem þörf er á upplýsingum, ekki bara það að taka fyrstu skrefin í nýja landinu. Ráðgjafarstofnun þarf að vera vel skilgreind sem staður þar sem innflytjendum er óhult að leita alltaf til, óháð hversu lengi þau hafi dvalið á Íslandi. Mikilvægt er að við uppbyggingu ráðgjafarstofnunar sé gert ráð fyrir því að mikilvægt sé að taka vel á móti fólki sem velur að flytja til landsins en mikilvægara sé að halda vel utan um fólkið sem hefur valið að setjast að í landinu.
- Hvergi í greinargerðinni né tillögunni sjálfri er skilgreind aðkoma og hlutverk innflytjenda í samráðsferlinu. Í tillögunni kemur fram að „*Ráðherra hafi náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og leiðandi sveitarfélög á sviði innflytjendamála um uppbyggingu og rekstur ráðgjafarstofunnar, Rauða krossinn, verkalýðshreyfinguna og önnur félagasamtök og stofnanir sem koma að málefninu.*“ Við óskum eftir því að í tillögunni sjálfri séu innflytjendur einnig skilgreindir í samráðsferlinu. Ekki er hægt að segja að til séu betri sérfræðingar um málefni innflytjenda en innflytjendur sjálfir.

Virðingarfyllst,

Nichole Leigh Mosty

Verkefnastjóri Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi